# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**7. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, mánudaginn 2. desember 2002, kl. 16:00.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Sigurbjartur Pálsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Heimir Hafsteinsson, Elísabet St. Jóhannsdóttir, Lúðvík Bergmann, Viðar H. Steinarsson. Einnig situr hluta fundar Sigrún Ólafsdóttir varamaður fyrir Valtý Valtýsson. Ingibjörg Gunnarsdóttir ritar fundargerð.

Oddviti setti fund, stjórnaði honum og kynnti breytingu á dagskrá.
Samþykkt samhljóða.

**1. Fundargerð hreppsráðs:**
a) Fundargerð hreppsráðs 14/11´02, sem er í 16 liðum.
Samþykkt samhljóða.
b) Fundargerð hreppsráðs 28/11´02, sem er í 12 liðum.
Samþykkt samhljóða.

**2. Fundargerðir stjórnar eignaumsjónar:**
a) Fundargerð stjórnar eignaumsjónar 18/11´02.
Samþykkt með sjö atkvæðum, tveir sitja hjá. HH og ESJ.
b) Fundargerð stjórnar eignaumsjónar 19/11´02.
Samþykkt með sjö atkvæðum, tveir sitja hjá. HH og ESJ.
c) Fundargerð stjórnar eignaumsjónar 26/11´02.
Samþykkt með sjö atkvæðum, tveir sitja hjá. HH og ESJ.

Heimir Hafsteinsson og Elísabet St. Jóhannsdóttir leggja fram eftirfarandi tillögu.
*Í ljósi þess að nefnd er kosin var á fundi 26. ágúst 2002 og ætlað var það hlutverk að endurskoða framtíðarfyrirkomulag embættis skipulags- og byggingafulltrúa hefur enn ekki skilað af sér niðurstöðum úr þeirri vinnu og eins hinu að greinilegt er að margt af því er fram kemur í starfslýsingu "starfsmanns Eignaumsjónar" gæti fallið undir verksvið skipulags- og byggingafulltrúa, fara fulltrúar Ó listans fram á að ráðningu "starfsmanns" verði frestað þar til nefndin hefur skilað af sér niðurstöðum úttektarinnar.*
*Heimir Hafsteinsson og Elísabet St. Jóhannsdóttir.*
Tillagan felld með fimm atkvæðum, tveir samþykkja HH og ESJ og tveir sitja hjá LB og VHS:

Viðar H. Steinarsson leggur fram eftirfarandi bókun.
*Undirritaður samþykkir tillögu stjórnar eignaumsjónar um ráðningu í starf starfsmanns eignaumsjónar eins og hún kemur fram í fundargerð frá 6. fundi eignaumsjónar frá 26. nóvember sl. Ég tel að þó að málið hafi borið skakkt að í byrjun, samanber stjórnsýslukæra frá mér, þá hafi nefndin á ferli málsins beint því inn á faglegri farveg og um leið gefið mér það svigrúm til að kynna mér málið, sem nægjanlegt er, til að ég sé undir það búinn að taka afstöðu til málsins.*
*Viðar H. Steinarsson.*

**3. Drög að umsögn um kæru VHS:**
Bréf lagt fram frá Félagsmálaráðuneytinu dags. 8/11´02 um kæru Viðars H. Steinarssonar vegna tilhögunar við undirbúning að ráðningu starfsmanns eignaumsjónar Rangárþings ytra. Lögð fram tillaga að umsögn hreppsnefndar Rangárþings ytra sem sveitarstjóri mun senda til félagsmálaráðuneytisins.

*Viðar víkur af fundi og Heimir tekur ekki þátt í afgreiðslu málsins.*
Samþykkt með fimm atkvæðum, tveir sitja hjá ESJ og LB.

**4. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:**
a) Skipulags- og bygginganefnd 28/11´02 sem er í 12 liðum.
Samþykkt samhljóða.
b) Samgöngunefnd 28/11´02 sem er í 4 liðum.
Sveitarstjóra falið að rita bréf til Vegagerðarinnar og krefjast aukinna framlaga til endurbóta og viðhalds á tengivegum, samanber 3. lið fundargerðarinnar.
Samþykkt samhljóða.

**5. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**
a) Samgöngunefnd 12/11´02 sem er í 3 liðum.
b) Fjallskilanefnd Landmannaafréttar 14/10´02 sem er í 1 lið og 11/11´02 sem er í 3 liðum.
c) Sameiginleg barnaverndarnefnd Rangárvallasýslu og V-Skaftafellssýslu 27/11´02.
Til kynningar

**6. Starf og starfshlutfall oddvita:**
Valtýr víkur af fundi og Engilbert Olgeirsson varaoddviti tekur við stjórn fundarins.
Sigrún Ólafsdóttir kemur inn á fundinn sem varamaður Valtýs.

**Tillaga um starf og starfshlutfall oddvita, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 2. desember 2002.**

Lagt er til að oddviti starfi við stjórnsýslu sveitarfélagsins í samstarfi við sveitarstjóra og að starfshlutfall hans verði 60%.

Ráðningartími skv. framanrituðu verði frá og með 1. desember 2002 og til og með 31. desember 2003, þó með fyrirvara um endurskoðun ef aðstæður breytast fyrir þann tíma.

Launakjör oddvita verða; 60% af launum sveitarstjórans að meðtalinni yfirvinnu.

Vegna aksturs í starfi greiðist bifreiðastyrkur fyrir 1000 kílómetra á mánuði.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, sveitarstjóri.

Tillaga um að málinu verði frestað til næsta fundar.
Samþykkt með átta atkvæðum, einn situr hjá, HH.

Valtýr kemur aftur inn á fundinn og tekur við stjórn hans.

**7. Landgræðsla ríkisins - fjallskil vegna Rangárvallaafréttar:**
Lagt er fram bréf frá Landgræðslu ríkisins, dags. 25/11´02, þar sem óskað er eftir viðræðum við Rangárþing ytra um undanþágu frá kostnaði við fjallskil á Rangárvallaafrétti.
Sveitarstjóra falið að kalla fulltrúa úr fjallskilanefnd og hálendisnefnd með sér, til viðræðna við Landgræðslu ríkisins.
Samþykkt samhljóða.

**8. Jón Þórðarson - verkefnið "Fegurri sveitir":**
Lagt er fram bréf frá Jóni Þórðarsyni, dags. 27/11´02, varðandi þátttöku í verkefninu "Fegurri sveitir".
Lagt til að erindinu verði vísað til umhverfisnefndar til umfjöllunar.
Samþykkt samhljóða.

**9. Byggðastofnun - verkefnið "rafrænt sveitarfélag":**
Lagt er fram bréf frá Byggðastofnun, dags. 27/11´02, þar sem þróunarverkefnið "Rafrænt byggðalag" er kynnt.
Samþykkt að sækja ekki um að þessu sinni.

**10. Umhverfisnefnd Alþingis - frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs.**
Lagt er fram bréf frá umhverfisnefnd Alþingis, dags. 27/11´02, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs.
Samþykkt að nefndarmenn kynni sér frumvarpið og komi athugasemdum til sveitarstjóra fyrir n.k. föstudag.

**11. Afsal vegna sölu á sumarbústað og spildu úr landi Kvista:**
Salan samþykkt samhljóða og fallið frá forkaupsrétti.

**12. Heimir Hafsteinsson - fyrirspurnir:**
Fyrirspurnir frá fulltrúum minnihluta dags. 27/11´02. Lögð fram svör dags. 2/12´02.

Hellu 2. desember 2002.
**Svör við fyrirspurnum Heimis Hafsteinssonar.**

1. Heimasíða fyrir sveitarfélagið og fréttabréf:

a) Samningagerð hefur tafist vegna mikilla anna við önnur verkefni og vegna þess að tilboðin og hugmyndirnar eru þess eðlis að leggja þarf mikla vinnu í yfirferð þeirra.

b) Ákveðið var að 4 fréttabréf skyldi gefin út árlega. Eðlilegt er að á seinni hluta ársins 2002 komi út 2 fréttabréf. Seinna fréttabréf ársins kemur út í desember.

c) Kostnaður við útgáfu hvers fréttabréfs er áætlaður u.þ.b. kr. 150 þús.

d) Kostnaður við heimasíðu til bráðabirgða (uppsetning) á Internetinu er áætlaður u.þ.b. kr. 80 þús. Kostnaður við mánaðarlegt viðhald er áætlaður u.þ.b. kr. 15 - 20 þús.

2. Nefnd um samræmingu kjara og hlunninda starfsmanna:
Hefur ekki verið kölluð saman ennþá vegna anna við önnur verkefni.

3. Nefnd um framtíðarfyrirkomulag embættis skipulags- og byggingafulltrúa:
Sama svar og við 2. lið.

4. Nefnd um viðræður við Hitaveitu Rangæinga um sameiningu við vatnsveitur:
Erindi hefur verið sent til hitaveitunnar og jákvætt svar hefur borist en Rangárþing eystra hefur ekki ennþá tekið afstöðu til málsins.

5. Kostnaður við eftirlit með gámavöllum:
Laun og desemberuppbót kr. 76.182. Akstur kr. 118.824.

6. Auglýsingar um störf og stöður á vegum sveitarfélagsins:
Almenn regla er að allar fastar stöður við stofnanir sveitarfélagsins eru auglýstar og í þær ráðið skv. mati á hæfni umsækjenda. Undantekningar geta komið til þegar ráða þarf í tímabundin verkefni eða þegar ráðið er til almennra starfa og afleysinga vegna orlofs eða fæðingarorlofs t.d. í áhaldahúsi, sundlaug, leikskóla og víðar.

7. Laun starfsmanna á skrifstofu og í áhaldahúsi:
Laun og kjör eru samkvæmt ákvæðum kjarasamnings Launanefndar sveitarfélaga og félags opinberra starfsmanna á Suðurlandi. Sjá lista.

Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Sigurbjartur Pálsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson.

Sveitarstjóri útskýrir svörin við fyrirspurnum Heimis.

**13. Fundarboð, ráðstefnur og umsóknir um styrki:**

a) Sjálfsbjörg - alþjóðadagur fatlaðra 3/12´02. Sveitarstjóri hvetur hreppsnefndarfulltrúa til að mæta í boð Sjálfsbjargar í húsnæði Eldhesta í Ölfusi 3/12'02 kl. 18.00.
b) Fræðslumiðstöð í fíknivörnum - boð um kaup á "Forvarnarbókinni".
Samþykkt að styrkja verkefnið um 15.000.-

**14. Annað kynningarefni:**

a) Héraðsnefnd Rangæinga 22/11´02 - tilkynning um gildistöku samnings.
b) Sorpstöð Suðurlands bs. - fundargerð 98. stjórnarfundar 25/11´02.
c) SASS 13/11´02 - fundarefni "aukafundar" 27/11´02.
d) Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum 25/11´02 - fundargerðir stjórnarfundar og aðalfundar 7/11´02 og fundargögn.
e) Elín Guðjónsdóttir, Þverlæk, bréf dags. 2/12´02 f.h. nokkurra bænda á Hagahringnum v/ISDN tenginga.
Tekið er undir efni e) liðar og því beint til ritstjóra fréttabréfs hreppsins, að hvetja íbúa í dreifbýli hreppsins sérstaklega til þess að sækja um ISDN tengingu.

Oddviti ávarpaði hreppsnefndarfulltrúann Elísabetu St. Jóhannsdóttur sem situr nú sinn síðasta reglulega hreppsnefndarfund í lok fundarins og þakkaði henni gott samstarf það sem liðið er af kjörtímabilinu og óskaði henni og fjölskyldu hennar velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20.00
Ingibjörg Gunnarsdóttir, ritari.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**6. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, mánudaginn 4. nóvember 2002, kl. 16:00.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Sigurbjartur Pálsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Heimir Hafsteinsson, Elísabet St. Jóhannsdóttir, Lúðvík Bergmann, Viðar H. Steinarsson og Sigrún Sveinbjarnardóttir sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bar upp tillögu að breytingu á dagskrá. Við bætist nýr 12. liður, þannig að dagskráin er samtals í 14 liðum og fram kom beiðni um að færa 10. lið fram fyrir 4. lið.
Samþykkt samhljóða.

**1. Fundargerð hreppsráðs:**
a) Fundargerð hreppsráðs 10/10´02, sem er í 14 liðum.
Samþykkt samhljóða.

b) Fundargerð hreppsráðs 24/10´02, sem er í 23 liðum.
Viðar lagði fram eftirfarandi bókun:
Vegna afgreiðslu hreppsráðs á fundargerð eignaumsjónar frá 20/8´02 vill undirritaður koma á framfæri mótmælum við meðferð málsinsins og telur að hún stangist á við góða stjórnsýslu. Legg því fram til kynningar stjórnsýslukæru sem ég hef sent til félagsmálaráðuneytisins vegna málsins. Í áðurnefndri stjórnsýslukæru rek ég málsatvik og hvað mér finnst ábótavant um meðferð málsins og óska eftir úrskurði ráðuneytisins þar um. Um slíkt stórmál sem hér er á ferð tel ég að þurfi fullnaðarafgreiðslu frá fullskipaðri sveitarstjórn.

Valtýr lagði fram eftirfarandi bókun:
Sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur samþykkt "Samþykktir um stjórn og fundarsköp" að undangengnum tveimur umræðum í sveitarstjórn eins og sveitarstjórnarlög nr. 45/1998 gera ráð fyrir. Í 57. grein samþykktanna er lýst skipan í stjórn eignaumsjónar svo og hlutverki hennar. Þar er m.a. sagt að hlutverk eignaumsjónar sé: "að gera tillögu að ráðningu starfsmanns í samráði við sveitarstjóra til að annast daglegan rekstur."

Stjórn eignaumsjónar hefur tekið til umfjöllunar á þremur síðustu fundum sínum ráðningu starfsmanns eignaumsjónar. Á fyrsta fundi stjórnar, dags. 20. águst 2002 var Valtý Valtýssyni falið að stilla upp drögum að skipuriti eignaumsjónar sem vísað yrði síðan til sveitarstjórnar vegna vinnu og mótunar á skipuriti sveitarfélagsins. Einnig var Valtý falið að gera drög að starfslýsingu starfsmanns til að flýta fyrir undirbúningi að ráðningu hans. Þessi fundargerð var staðfest af sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 26. ágúst 2002.

Á öðrum fundi eignaumsjónar, dags. 21. október 2002, voru ræddar hugmyndir að hæfniskröfum viðkomandi starfsmanns og rætt um hugsanlegt samstarf við Ásahrepp að ráðningu og rekstri starfsmannsins. Lögð var áhersla á að auglýsa eftir starfsmanni sem fyrst og miða við ráðningu um mánaðarmótin október/nóvember 2002. Þessi fundargerð og niðurstaða var samþykkt samhljóða í hreppsráði þann 24. október 2002.

Nú hefur verið auglýst eftir starfsmanni og hafa 12 umsóknir borist. Síðar á þessum fundi mun verða lagðar fram þær hæfniskröfur sem stjórn eignaumsjónar setti gagnvart ráðningu starfsmanns ásamt drögum að starfslýsingu, til staðfestingar hjá sveitarstjórn.

Fundargerðin samþykkt samhljóða að öðru leyti.

**2. Fundargerðir til staðfestingar:**
a) Félagsmálanefnd 29/10´02.
Samþykkt samhljóða.

b) Atvinnu- og ferðamálanefnd og menningarmálanefnd, 31/10´02.
Samþykkt samhljóða.

**3. Fundargerðir til kynningar:**
a) Fræðslunefnd 30/10´02.
b) Eignaumsjón 28/10´02.

**4. Nefnd um gerð minnisvarða um Ingólf Jónsson – ráðning landslagsarkitekts:**
Lagt fram bréf, dags. 29/10´02, frá nefnd sem skipuð var af Rangárvallahreppi til að sjá um að reistur yrði minnisvarði um Ingólf Jónsson, fyrrverandi ráðherra.
Sveitarstjórn Rangárþings ytra felur nefndinni að vinna áfram að verkefninu og ráða landslangsarkitekt í hönnunarvinnuna. Kostnaði við verkið er vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.
Samþykkt samhljóða.

**5 . Eignaumsjón – tillögur að matsformi, starfslýsingu starfsmanns og kynntar umsóknir sem borist hafa:**
Oddviti lagði fram tillögu að lýsingu á hlutverki Eignaumsjónar Rangárþings ytra og lýsingu á starfi starfsmanns eignaumsjónar og kröfur til menntunar og reynslu hans. Lagt er til að stjórn Eignaumsjónar fari yfir umsóknir, ræði við umsækjendur og geri tillögu um ráðningu til hreppsráðs. Lagður fram listi yfir umsækjendur um starfið. Heimir tekur ekki þátt í umfjöllun og afgreiðslu málsins þar sem hann er einn umsækjenda.

Viðar bar upp eftirfarandi tilllögu um frestun málsins:
Vegna þess að framlagðar tillögur voru ekki í útsendu kynningarefni fyrir fundinn, heldur er dreift á fundinum sjálfum hefur undirritaður því ekki haft eðlilegt svigrúm til að kynna sér þær. Ég mótmæli því þessari málsmeðferð og tel hana ekki samrýmast góðri stjórnsýslu.
Tillagan felld, einn samþykkur (V.S.), einn sat hjá (L.B.) og sex á móti (V.V., G.I.G., S.P., E.O., I.P.G., E.J.).

Tillaga oddvita borin undir atkvæði og samþykkt með sex atkvæðum, einn á móti (V.S.) og einn sat hjá (L.B.).

**6. Skipan nefnda til sérstakra verkefna:**
a) Bókasafnsnefnd í Þykkvabæ.
b) Bókasafnsnefnd á Hellu.
c) Þorrablótsnefnd í Þykkvabæ.
Samþykkt samhljóða að fresta skipan í nefndirnar til næsta hreppsráðsfundar.

d) Samgöngunefnd (gerir m.a. áætlun um viðhald og endurnýjun safnvega).
Tilnefning: Engilbert Olgeirsson, Sigurbjartur Pálsson og Viðar Steinarsson.
Samþykkt samhljóða.

**7. Lundur, hjúkrunar- og dvalarheimili – 25 ára afmælishátíð 26/10´02 - gjafabréf:**
Í tilefni af 25 ára afmæli Lundar færir Rangárþing ytra heimilinu peningagjöf að upphæð kr. 250.000.- til tækjakaupa eða einhvers sérstaks verkefnis.
Samþykkt samhljóða.

**8. Reglugerð um búfjáreftirlit – samráð við önnur sveitarfélög í Rangárvallasýslu:**
Lögð fram reglugerð nr. 743 frá landbúnaðarráðuneytinu um búfjáreftirlit o.fl., dags. 28/10´02.
Tillaga lögð fram um að fela oddvita og sveitarstjóra að hafa samráð við sveitarstjórnir í öðrum hreppum í sýslunni um samstarf.
Samþykkt samhljóða.

**9. Náttúruvernd ríkisins – úttekt og greinagerð um ástand í umhverfismálum:**
Bréf frá Náttúruvernd ríkisns, dags. 10/10´02, þar sem vakin er athygli á 44. gr. laga um náttúruvernd.

Samþykkt samhljóða að fela umhverfisnefnd að koma með tillögu að aðila til að annast skýrsluna.

**10. Samtök herstöðvaandstæðinga – kjarnorkulaust sveitarfélag:**
Bréf frá samtökum herstöðvaandstæðinga, dags. 24/10´02, um kjarnorkulaust sveitarfélag.
Samþykkt að skrifa undir yfirlýsinguna með sex atkvæðum, þrír sátu hjá (S.P., O.E., G.I.G.).

**11. Samráðsnefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps:**
Skýrt var frá viðræðum oddvita og sveitarstjóra við oddvita Ásahrepps um sameiginleg málefni sveitarfélaganna. Fram kom að álits Óskars Sigurðssonar, hdl, var óskað, á því hvernig stjórnsýslu á Holtamannaafrétti yrði háttað.
Til kynningar

**12. Afsal vegna sölu á Leirubakka:**
Kaupsamningur og afsal vegna Leirubakka, dags.24/10´02.
Seljandi: Hilmir ehf, kt. 620169-5959. Kaupandi: Ferðaþjónusta Rangárþings, ehf. kt. 681002-3750.
Samþykkt samhljóða og fallið frá forkaupsrétti.

**13. Fundarboð, ráðstefnur og umsóknir um styrki:**
a) Kynning á Staðardagskrá 21, 11/11´02 kl. 16:00, fyrir hreppsnefnd og umhverfisnefnd.
Til kynningar.
b) Samkoma sunnlenskra sveitarstjórnarmanna á Fjármálaráðstefnu.
Til kynningar.
c) Formannaráðstefna HSK í Þykkvabæ 13/11´02.
Til kynningar.
d) Samhjálp.
Hafnað.

**14. Annað kynningarefni:**
a) Landgræðsla ríkisins 25/10´02 - minnisblað um skoðunarferð um Holtamannaafrétt 27/8´02.
b) Félagsmálaráðuneytið 18/10´02 – áminning um skil á fjárhagsáætlunum í nýju uppgjörsformi.
c) Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 24/10´02 – skýring á drætti á skilum á hlut ríkisins í húsaleigubótum.
d) Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 24/10 ´02 – úthlutun tekjujöfnunarframlaga 2002.
e) Samband íslenskra sveitarfélaga – fundargerð 697. stjórnarfundar 14/10´02.
f) Atvinnuþrónunarsjóður Suðurlands - fundargerð félagsfundar 9/10´02.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:00.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**5. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, mánudaginn 7. október 2002, kl. 16:00.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Sigurbjartur Pálsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Heimir Hafsteinsson, Elísabet St. Jóhannsdóttir, Lúðvík Bergmann, Viðar H. Steinarsson og Sigrún Sveinbjarnardóttir sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bar upp tillögu að breytingu á dagskrá. Við bætast 2 fundargerðir í lið 3 og nýr 12. liður bætist við, þannig að dagskráin er samtals í 14 liðum.
Samþykkt samhljóða.

**1. Fundargerð hreppsráðs:**
Lögð fram fundargerð hreppsráðs, 23/9´02 sem er í 18 liðum.
Viðar leggur fram eftirfarandi bókun við lið 7: Undirritaður, Viðar H. Steinarsson, gerir athugasemd við afgreiðslu hreppsráðs á lið nr. 7 frá 23/9´02, þar sem samþykkt er að styðja við umsókn Landsvirkjunnar um rannsóknarleyfi á Torfajökulssvæðinu, eftir föngum. Heppilegra hefði verið að samþykkja stuðning á almennum forsendum, óháð því hver fái leyfi.
Fundargerðin samþykkt.

**2. Fundargerðir til staðfestingar:**
a. Félagsmálanefnd 26/9´02.
Samþykkt samhljóða.
b. Umhverfisnefnd 1/10´02.
Elísabet leggur fram eftirfarandi bókun: Laugalandi 7./10´02. Ég undirrituð Elísabet St. Jóhannsdóttir samþykki ekki fundargerð Umhverfisnefndar þar sem hvorki ég né varamaður minn voru boðaðar á fundinn.
Fundargerðin samþykkt með einu mótatkvæði (E.J.).
c. Skipulags- og bygginganefnd 3/10´02.
Samþykkt.

**3. Fundargerðir til kynningar:**
a) Íþrótta- og æskulýðsnefnd 23/9´02.
b) Sameiginleg barnaverndarnefnd 19/9´02.
c) Sorpstöð Rangárvallasýslu 1/10´02.
d) Atvinnuþr.sjóður Suðurlands – 219. stjórnarfundur 6/9´02 og 220. stjórnarfundur 17/9´02.
e) Skólaskrifstofa Suðurlands – 58. stjórnarfundur 23/9´02.
f) Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum – stjórnarfundur 16/9´02.
g) SASS - 357. stjórnarfundur 2/10´02.
h) Sorpstöð Suðurlands - 97. fundur 3/10´02.

**4. Kaupsamningur vegna sölu á eignum í Hvanngili, til staðfestingar:**
Lagður fram kaupsamningur dags. 10/7´02 þar sem Hvanngilsfélagið selur Ferðafélagi Íslands hús seljanda í Hvanngili á Rangárvallaafrétti ásamt lóðaréttindum, hlunnindum og lausafé. Undanskilinn er réttur seljanda til endurgjaldslausrar nýtingar á húsinu og lausafé fyrir gangnamenn á haustin.
Samþykkt með 6 atkvæðum en 3 sitja hjá (H.H. E.J. og L.B.).

Lagður er fram kaupsamningur dags. 10/7´02 þar sem Rangárþing ytra selur Ferðafélagi Íslands hús seljanda í Hvanngili á Rangárvallaafrétti ásamt lóðaréttindum, hlunnindum og

lausafé. Undanskilinn er réttur seljanda til endurgjaldslausrar nýtingar á húsinu og lausafé fyrir gangnamenn á haustin.
Samþykkt með 6 atkvæðum en 3 sitja hjá (H.H. E.J. og L.B.).

**5. Lögmenn Suðurlands ehf:**
Lagt fram bréf frá Lögmönnum Suðurlands dags. 18/9´02, þar sem óskað er eftir meðmælum sveitarstjórnar með kaupum Jóns Þorvarðarsonar á ríkisjörðinni Vindási, Rangárvöllum. Jón er ábúandi á jörðinni.
Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við að ábúandinn, Jón Þorvarðarson, fái jörðina keypta.
Samþykkt samhljóða.

**6. Stefán Þ. Sigurðsson og Þórhalla Gísladóttir:**
Lagt fram bréf frá Stefáni Þ. Sigurðssyni og Þórhöllu G. Gísladóttur, Meiri-Tungu, dags. 20/9´02, þar sem þau óska eftir því að sveitarstjórn nýti rétt sinn til kaupa á jörðinni Þjóðólfshaga II í Holtum og endurselji þeim síðan jörðina.
Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu erindisins.

**7. Landbúnaðarráðuneytið:**
Lagt fram bréf frá Landbúnaðarráðuneytinu, dags. 23/9´02 þar sem farið er fram á samþykki sveitarstjórnar á landsskiptum á jörðinni Haga II í Holtum.
Samþykkt samhljóða.

**8. Óðinn Pálsson:**
Lagt fram bréf frá Óðni Pálssyni, dags. 29/9´02, þar sem hann óskar eftir afskiptum sveitarstjórnar af girðingarmálum milli Svínhaga, Réttaness og Stóru-Valla við Ytri-Rangá.
Eftirfarandi tillaga lögð fram:

1. Hreppsnefnd Rangárþings ytra samþykkir að hvetja ábúendur Svínhaga og Stóru-Valla til þess að freista þess að ná samkomulagi um girðingar á mörkum jarðanna.

2. Hreppsnefnd mun athuga hvort hægt sé að gera hrosshelda girðingu á mörkum Réttaness og Stóru-Valla.

Samþykkt samhljóða.

**9. Landgræðsla ríkisins:**
Lagt fram bréf frá Landgræðslu ríkisins, dags. 27/9´02, þar sem óskað er eftir fundi um landgræðslugirðingu í landi Keldna á Rangárvöllum.
Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra og oddvita að mæta fyrir hönd sveitarfélagsins á fund sem áætlaður er 16/10´02.

**10. Tónlist fyrir alla:**
Lagt fram bréf frá verkefninu "Tónlist fyrir alla", dags. 27/9´02, þar sem óskað er eftir áframhaldandi þátttöku sveitarfélagsins í verkefninu.
Samþykkt samhljóða.

**11. Eyjólfur Guðmundsson:**
Lagt fram bréf dags. 29/9´02 frá Eyjólfi Guðmundssyni þar sem hann hvetur til að veitt verði fjármagni til lagfæringa og rannsókna á hellum í sveitarfélaginu.
Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og samþykkir samhljóða að vísa því til menningarmálanefndar og atvinnu- og ferðamálanefndar.

**12. Bifreiðaíþróttaklúbbur Reykjavíkur:**
Lagt fram bréf dags. 12/10´02 frá Bifreiðaíþróttaklúbbi Reykjavíkur þar sem sótt er um leyfi til að halda rallkeppni á vegum í sveitarfélaginu þann 12/10´02. Einnig er sótt um undanþágu á hámarkshraða á sérleiðum keppninnar.
Lagt er til beiðninni verði hafnað vegna sérleiða nr. 2 og 3, þar sem vegurinn um Heklu þoli ekki þessa tegund umferðar. Samþykkt með 8 atkvæðum, 1 sat hjá (E.O.).

**13. Fundarboð – ráðstefnur:**
Skipulagsstofnun – Skipulagsþing 2002 8.-9. nóvember 2002.
Til kynningar.

**14. Annað kynningarefni:**
Bréf Rangárþings ytra til fjárlaganefndar Alþingis 30/9´02 og meðfylgjandi erindi.
Bréf meirihluta bæjarstjórnar Árborgar til stjórnar Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands 16/9´02 og fylgigögn.
Óbyggðanefnd 27/9´02 – kynning á framkomnum kröfulýsingum í Rangárvallasýslu.
SASS 23/9´02 – upplýsingar um kjör sveitarstjórnarmanna og framkvæmdastjóra sveitarfélaga.
SASS 20/9´02 – ályktun aðalfundar um fráveitumál og um sameiginlegt orkufyrirtæki á Suðurlandi og Suðurnesjum.
FOSS 26/9´02 - ábending um ákvæði kafla 10 í kjarasamningi FOSS og Launanefndar – varðar sí- og endurmenntun.
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 19/9´02 – skipun í stjórn Heilsugæslu Rangárþings.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**4. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, mánudaginn 16. september 2002, kl. 16:00.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Sigurbjartur Pálsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Heimir Hafsteinsson, Elísabet St. Jóhannsdóttir, Guðfinna Þorvaldsdóttir varamaður fyrir Lúðvík Bergmann og Viðar H. Steinarsson. Ingibjörg Gunnarsdóttir ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bar upp tillögu að breytingu á dagskrá. Viðbætur í 3. lið og nýr 9. liður bætist við, þannig að dagskráin er samtals í 10 liðum.
Samþykkt.

**1. Fundargerðir hreppsráðs:**

Lögð fram fundargerð aukafundar hreppsráðs, 10/9´02 sem er í 1 lið.
Samþykkt samhljóða.

Lögð fram fundargerð 7. fundar hreppsráðs, 12/9´02 sem er í 14 liðum.
Umræða átti sér stað um 13. lið d) og lagt til að greiddur verði reikningur vegna kaffikostnaðar fyrir Skógræktarfélag Rangæinga.
Samþykkt. SP og EO sátu hjá.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

**2. Fundargerðir til kynningar:**
a. Foreldraráð Laugalandsskóla 21/5´02.
b. Stjórn Lundar, hjúkrunar- og dvalarheimilis 15/7´02 og 3/9´02.
c. 96. stjórnarfundur í Sorpstöð Suðurlands 5/7´02.
d. 218. stjórnarfundur Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands 5/7´02.
e. Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns ehf. 28/9´02.

**3. Skipan nefnda:**
Fulltrúar í sameiginlegri fræðslunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps eru fulltrúar í áður skipaðri fræðslunefnd Rangárþings ytra og frá Ásahreppi eru Egill Sigurðsson og Ásta Begga Ólafsdóttir.

Tilnefning í jafnréttisnefnd:

| | |
|---|---|
| Aðalmenn: | Aðalheiður Matthíasdóttir, Breiðöldu 5. |
| | Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Drafnarsandi 6. |
| | Jónína Guðrún Magnúsdóttir, Arnarsandi 3. |
| Varamenn: | Heiðrún Ólafsdóttir, Freyvangi 12. |
| | Þórhallur Svavarsson, Fornasandi 4. |
| | Þórunn Ragnarsdóttir, Lækjarbraut 14. |

Samþykkt samhljóða.

Tilnefning í ritnefnd byggðasögu sem hefur verið í gangi hjá gömlu sveitarfélögunum; Austur-Landeyjahreppi, Holtahreppi, Landmannahreppi og Djúpárhreppi svo og Ásahreppi. Einn fulltrúi skal skipaður fyrir hvert byggðasögusvæði:

Aðalmenn: Valtýr Valtýsson, Meiri-Tungu 1b.
Jón Þórðarson, Fosshólum.
Heimir Hafsteinsson, Smáratúni.
Samþykkt samhljóða.

Tilnefning í bókasafnsnefnd á Laugalandi, en í nefndinni sitja einn fulltrúi frá Rangárþingi ytra, einn fulltrúi frá Ásahreppi og skólastjóri Laugalandsskóla:
Aðalmaður: Anna Björg Stefánsdóttir, Hrólfsstaðahelli.
Varamaður: Guðfinna Þorvaldsdóttir, Saurbæ.
Samþykkt samhljóða.

**4. Nafnbreyting á Grunnskóla Djúpárhrepps:**
Lögð fram tillaga frá fræðslunefnd um að breyta nafni grunnskólans í "Þykkvabæjarskóli".
Samþykkt samhljóða.

**5. Samkeppni um gerð merkis (logo) fyrir Rangárþing ytra:**
Tillaga frá Guðmundi Inga um að Menningarmálanefnd komi með tillögur um að:
a) merki Rangárvallahrepps verði óbreytt og tekið upp sem merki Rangárþings ytra.
b) merkið verði breytt í samráði við hönnuð.
c) haldin verði samkeppni um nýtt merki.
Samþykkt samhljóða.

**6. Hreppsnefnd Ásahrepps:**
Bréf frá Jónasi Jónssyni, oddvita Ásahrepps, dags. 4/9´02, þar sem gerðar eru athugasemdir við fundargerð samráðsfundar Ásahrepps og Rangárþings ytra dags. 27/8´02.
Samþykkt að taka athugasemdirnar til greina.

**7. Fjárlaganefnd Alþingis:**
Bréf dags. 9/9´02 þar sem fjárlaganefnd Alþingis gefur sveitarstjórnarmönnum kost á fundi með nefndinni 23. og 30. september 2002.
Samþykkt að fara á fund með málefni Gaddstaða og greinargerðir um fleiri mál 30. september n.k.

**8. Ferðafélag Ísland:**
Bréf frá Ferðafélaginu, dags. 2/9´09, þar sem óskað er eftir fundi með fulltrúum hreppsnefndar til kynningar á hugmyndum og áformum félagsins á Fjallabaksleið syðri.
Sveitarstjóra falið að finna fundartíma í samráði við Ferðafélagið og að hálendisnefndin verði einnig kölluð á fundinn.

**9. Húsakynni bs. - ábyrgð á lántöku vegna húsakaupa:**
Lagt fram veðskuldabréf að upphæð kr. 10.000.000.- lánstími 20 ár með 40 afborgunum, breytilegir vextir nú 8,15% og verðtryggt. Húsakynni bs. er útgefandi veðskuldabréfsins.
Veðskuldabréfið er vegna kaupa á Breiðöldu 5 og Breiðöldu 7 á Hellu.
Farið er fram á, að Rangárþing ytra gangi í ábyrgð fyrir þessari lántöku ásamt Ásahreppi.
Samþykkt samhljóða.

**10. Til kynningar:**
Ásahreppur – nefndarskipan og tilnefningar í samstarfsnefndir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30.

## Hreppsnefnd Rangárþings ytra

### Fundargerð

**3. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, mánudaginn 26. ágúst 2002, kl. 16:00.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Sigurbjartur Pálsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Heimir Hafsteinsson, Elísabet St. Jóhannsdóttir, Lúðvík Bergmann, Viðar H. Steinarsson og Sigrún Sveinbjarnardóttir sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund, bauð fundarmenn velkomna eftir sumarfrí og lagði fram tillögu um breytingu á dagskrá.

Samþykkt samhljóða.

**1. Fundargerðir hreppsráðs:**
Lögð fram fundargerð 2. fundar hreppsráðs, 27/06´02 sem er í 11 liðum.

Samþykkt samhljóða.

Lögð fram fundargerð 3. fundar hreppsráðs, 11/07´02 sem er í 13 liðum.
Viðar gerði athugasemd við það að ekki var boðað til fundar í fjallskiladeild Rangárvallahrepps áður en tilnefnt var í stjórn deildarinnar.

Að öðru leyti var fundargerðin samþykkt samhljóða.

Lögð fram fundargerð 4. fundar hreppsráðs, 29/07´02 sem er í 10 liðum.

Samþykkt samhljóða.

Lögð fram fundargerð 5. fundar hreppsráðs, 29/7´02 sem er í 18 liðum.

Samþykkt samhljóða.

Lögð fram fundargerð 6. fundar hreppsráðs, 22/8´02 sem er í 17 liðum.

Samþykkt samhljóða.

**2. Fundargerðir nefnda:**
a. Fjallskiladeild Landmannaafréttar, dags. 16/8´02 sem er í 2 liðum.
Samþykkt samhljóða.
Kosning þriðja varamanns í stjórn fjallskiladeildar Landmannaafréttar sem sveitarstjórn kýs:
Sverrir G. Kristrinsson, Gíslholti
Samþykkt samhljóða.
b. Stjórn eignaumsjónar Rangárþing ytra, dags. 20/8´02 sem er í 6 liðum.
Samþykkt samhljóða.
c. Fræðslunefnd, dags. 22/8´08 sem er í 10 liðum.
Samþykkt samhljóða.
d. Atvinnu- og ferðamálanefnd, 20/8´02 sem er í 8 liðum.
Guðmundur Ingi lagði fram tillögu um að afgreiðslu fundargerðarinnar yrði frestað til næsta fundar og að nefndin taki efnisatriði fundargerðarinnar til nánari skoðunar.
Samþykkt samhljóða.

**3. Gerð heimasíðu og fréttabréfs:**
Oddviti leggur fram eftirfarandi tillögu:

Tillaga um tilhögun við útgáfu fréttabréfs Rangárþings ytra og gerð og viðhalds heimasíðu sveitarfélagsins, lögð fram á fundi sveitarstjórnar 26. ágúst 2002.

Nauðsynlegt er að koma á skilvirku upplýsingastreymi til íbúa sveitarfélagsins frá sveitarstjórn. Nauðsynlegir grundvallarþættir í því sambandi er regluleg útgáfa fréttabréfs, svo og uppsetning og viðhald á heimasíðu sveitarfélagsins.

Lagt er til að Jón Þórðarson verði ráðinn til að sjá um útgáfu fréttabréfs sveitarfélagsins, að taka myndir og rita fréttagreinar sem nýtast myndu bæði fyrir fréttabréf og heimasíðu. Gefin yrðu út fjögur fréttabréf á ári.

Lagt er til að auglýst verði eftir aðila til að sjá um uppsetningu og viðhald á heimasíðu sveitarfélagsins. Í auglýsingu verði jafnframt óskað eftir hugmyndum um uppbyggingu heimasíðunnar.

Óskað verði eftir kostnaðaráætlun vegna þessara verkþátta.

Samþykkt samhljóða.

**4. Kosning í nefnd um samræmingu kjara og hlunninda starfsmanna sveitarfélagsins:**
Oddviti leggur fram eftirfarandi tillögu:

Tillaga um kosningu í nefnd sem ætlað er að vinna að tillögu um samræmingu kjara og hlunninda starfsmanna sveitarfélagsins, lögð fram á fundi sveitarstjórnar 26. ágúst 2002.

Nauðsynlegt er að vinna að samræmingu kjara og hlunninda starfsmanna sveitarfélagsins. Mismunandi kjör og útfærslur á hlunnindagreiðslum hafa verið í gildi í hinum gömlu sveitarfélögum.

Lagt er til að þriggja manna nefnd verði skipuð til að vinna að tillögugerð fyrir sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða.

Tilnefndir eru: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson og Heimir Hafsteinsson.

Samþykkt samhljóða.

**5. Framtíðarfyrirkomulag embættis skipulags- og byggingafulltrúa:**
Oddviti leggur fram eftirfarandi tillögu:

Tillaga um kosningu í nefnd sem ætlað er að vinna að tillögu um framtíðarskipulag embættis skipulags- og byggingafulltrúa, lögð fram á fundi sveitarstjórnar 26. ágúst 2002.

Tímabært er að endurskoða framtíðarskipulag embættis skipulags- og byggingafulltrúa Rangárþings ytra. Undanfarin ár hefur verið í gildi samningur milli Snertils verkfræðistofu og sveitarfélaganna fjögurra í vesturhluta Rangárvallasýslu.

Lagt er til að þriggja manna nefnd verði skipuð til að vinna að tillögugerð fyrir sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða.

Tilnefndir eru: Sigurbjartur Pálsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson og Jón Ragnar Björnsson.
Samþykkt samhljóða.

**6. Viðræður við Hitaveitu Rangæinga um hugsanlega sameiningu hennar og vatnsveitna sveitarfélaganna:**
Oddviti leggur fram eftirfarandi tillögu:

> Tillaga um kosningu í nefnd sem ætlað er að fara í viðræður við Hitaveitu Rangæinga um hugsanlega sameiningu hennar og vatnsveitna sveitarfélaganna, lögð fram á fundi sveitarstjórnar 26. ágúst 2002.
>
> Hugmyndir hafa verið uppi um hugsanlega sameiningu Hitaveitu Rangæinga og vatnsveitna sveitarfélaganna með það að markmiði að samnýta krafta og þekkingu sem til staðar eru og mynda öflugri umgjörð um starfsemi veitnanna.
>
> Lagt er til að þriggja manna nefnd verði skipuð til að fara í viðræður við aðila sem málið varðar.

Samþykkt samhljóða.

> Tilnefndir eru: Valtýr Valtýsson, Engilbert Olgeirsson og Viðar Steinarsson.

Samþykkt samhljóða.

**7. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli:**
Lagt fram bréf frá Sýslumanninum á Hvolsvelli, dags. 15/8´02 þar sem minnt, er á að starfa skuli samstarfsnefnd sýslumannsembættisins og sveitarstjórna um málefni lögreglunnar skv. 12. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Samstarfsnefndin á m.a. að gera tillögur um úrbætur í málefnum sem varða löggæslu í umdæmi hennar og beita sér fyrir kynningu á starfsemi lögreglunnar.
Embætti sýslumanns leggur til að skipaður verði einn fulltrúi frá hverju sveitarfélgi í nefndina og að hlutverk hennar taki á öllum málefnum sem varða samskipti embættisins og sveitarfélaganna.

Samþykkt samhljóða og einnig samþykkt samhljóða að Guðmundur Ingi taki sæti í nefndinni.

Lögð fram fundargerð, dags. 15/8´02, af fundi sýslumanns og sveitarstjórna í Rangárþingi eystra, Rangárþingi ytra og Ásahrepps, þar sem fram kemur að öllum hreppstjórunum hafi verið sagt upp frá og með 1/7´02 og greint er frá því að fækka þurfi um einn lögreglumann frá og með 1/9´02 vegna slæmrar fjárhagsstöðu embættisins.

Til kynningar.

**8. Héraðsnefnd Rangæinga:**
Lagður fram samningur sveitarstjórna Rangárþings eystra, Rangárþings ytra og Ásahrepps um héraðsnefnd skv. sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998, 81. gr. Samningurinn er í 16 liðum.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerð Héraðsnefndar Rangæinga, dags. 12/8´02.

Samþykkt samhljóða með eftirtöldum bókunum:
Liður 2 d samþykktur samhljóða og þar með afturkölluð kosning í stjórn Heilsugæslunnar frá 24. júní 2002.

Samþykkt samhljóða að vísa lið c.2 í grein 5 til atvinnu- og ferðamálanefndar til umfjöllunar.

**9. Landbúnaðarráðuneytið:**
Lagt er fram bréf frá Landbúnaðarráðuneytinu, dags. 22/8´02. Landbúnaðarráðherra hefur skipað nefnd til að semja reglugerð um starfssvæði búfjáreftirlits og framkvæmd þess skv. 4. tl. 17. gr. langa nr. 103/2002 um búfjárhald, o.fl. Nefndin hefur gert tillögu að nýjum búfjáreftirlitssvæðum og eru tillögur nefndarinnar meðfylgjandi.
Sveitarstjóra falið að svara bréfinu og fara fram á að svæði Búnaðarsambands Suðurlands verði eftirlitssvæði á Suðurlandi.

Samþykkt samhljóða.

**10. Landsvirkjun:**
Lagt fram bréf fram Guðlaugi Þórarinssyni, virkjanadeild Landsvirkjunnar, dags. 16/8´02 þar sem óskað er eftir fundi með sveitarstjórn vegna fyrirhugaðra virkjana í neðri hluta Þjórsár.

Samþykkt samhljóða.

Einnig er lagt fram bréf frá Árna Gunnarssyni verkefnisstjóra, dags. 14/8´02 þar sem Landsvirkjun sækir um framkvæmdaleyfi fyrir jarðhitarannsóknum í Köldukvíslarbotnum. Meðfylgjandi eru gögn frá Náttúruvernd ríkisins og Skipulagsstofnun.

Til kynningar.

**11. Skólanefnd Tónlistarskóla Rangæinga:**
Lögð fram fundargerð Tónlistarskóla Rangæinga, dags. 16/8´02.
Oddvita falið að vinna að máli tónlistarskólanns.

Samþykkt samhljóða.

Næstu dagskrárliðum frestað þar til eftir samráðsfund með sveitarstjórn Ásahrepps sem hófst kl. 19:00.
Fundur hófst að nýju kl. 21:50

**12. Fundarboð, ráðgjöf og umsókn um styrk:.**
a. Stjórn Veiðifélags Ytri-Rangár og vesturbakka Hólsár - alm félagsfundur 28/8´02. Samþykkt samhljóða að Engibert Olgeirsson fari með atkvæði sveitarfélagins á þessum félagsfund fyrir jarðirnar Merkihvol og Réttanes. Steinþór Runólfsson, einn eigenda Gaddstaða, mun fara með atkvæði sveitarfélagsins fyrir Gaddstaði.

b. Vottunarstofan Tún ehf. - aðalfundur 29/8´02.
Til kynningar.

c. SASS - aðalfundur 30-31/8´02.

d. Samband íslenskra sveitarfélaga - boð um ráðgjöf við gerð Staðardagskrár 21.
Til kynningar

e. Sjálfsbjörg, Landssamband fatlaðra. Hafnað.

**13. Til kynningar.**
Eingarhaldsfélag Brunabótarfélags Íslands 16/8´02 - kynning á ágóðahlut 2002. SASS - fundargerð 354. stjórnarfundar 15/8´02. Sorpstöð Suðurlands bs. - fundargerð 95. stjórnarfundar 20/8´02. Hvanngilsfélagið - fundargerð 22/8´02. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið - tilkynning um lækkun hámarkshraða. Félagsmálaráðuneytið - skýrsla nefndar um tilhögun félagslegra húsnæðismála. Heilbrigðisnefnd Suðurlands - fundargerð 45. fundar 20/8´08.

**14. Skipan í samstarfsnefnd með Ásahreppi:**
Tilnefning í samstarfsnefnd með Ásahreppi skv. fundargerð samstarfsnefndar fyrr um kvöldið. Samþykkt samhljóða að Guðmundur I. Gunnlaugsson og Valtýr Valtýsson taki sæti í nefndinni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 22.15.

Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

**2. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, mánudaginn 24. júní 2002, kl. 16:00.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Sigurbjartur Pálsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Heimir Hafsteinsson, Elísabet St. Jóhannsdóttir, Lúðvík Bergmann, Viðar H. Steinarsson og Sigrún Sveinbjarnardóttir sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og lagði fram tillögu um breytingu á dagskrá.
Samþykkt samhljóða.

**1. Fundargerð hreppsráðs:**
Lögð fram fundargerð hreppsráðs frá 13.06.2002 sem er í 10 liðum.
Oddviti sagði frá fundi sem hann og sveitarstjóri átti með málsaðilum varðandi afgreiðslu á 7. lið fundargerðarinnar þar sem óánægju gætti hjá Rangárvalladeild Geysis með afgreiðsluna. Sveitarstjóri lagði fram tillögu þar sem oddvita og sveitarstjóra yrði falið að taka málið upp við Rangárvalladeild Geysis að þeim forsendum fullnægt að aðgengi og vatnsvernd verði gætt.

Bókun við 7. lið í fundargerð hreppsráðs:
"Á meðan ekki liggur fyrir formleg ákvörðun sveitarstjórnar Rangárþings ytra um framtíðarnýtingu lands í eigu sveitarfélagsins, greiða fulltrúar Ó-listans atkvæði gegn hugmyndum um útlán eða leigu lands í eigu sveitarfélagsins."
Elísabet og Heimir.

Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum og 2 á móti (ESJ og HH).
Fundargerð hreppsráðs samþykkt að öðru leyti samhljóða.

**2. Tillaga að samþykkt um stjórn og fundarsköp hreppsnefndar - síðari umræða.**
Fyrir liggur tillaga að samþykkt um stjórn og fundarsköp hreppsnefndar
Tillagan fylgir gögnum þessa fundar.

Tillagan samþykkt samhljóða.

**3. Kosning nefnda:**

Tilnefning í undirnefndir sveitarstjórnar Rangárþings ytra.

**Atvinnumálanefnd**
Aðalmenn: Ingvar Pétur Guðbjörnsson, formaður, Drafnarsandi 6
Fjóla Runólfsdóttir, Skarði, Landi
Víglundur Kristjánsson, Ártúni 2
Margrét Eggertsdóttir, Köldukinn
Þorbergur Albertsson, Freyvangi
Varamenn: Halldóra Hafsteinsdóttir, Hákoti
Þorsteinn Ingvarsson, Birkiflöt
Árni Þór Guðmundsson, Drafnarsandi 7
Gustav Stolzenwald, Stokkalæk
Viðar Steinarsson, Kaldbak

**Skipulags- og byggingarnefnd**
Aðalmenn: Sigurbjartur Pálsson, formaður, Skarði, Þykkvabæ
Þórhallur J. Svavarsson, Fornasandi 4
Valmundur Gíslason, Flagbjarnarholti

| | |
|---|---|
| | Jón Ragnar Björnsson, Arnarsandi 2 |
| | Jón Ingi Guðmundsson, Heiðvangi |
| Varamenn: | Þorgils Torfi Jónsson, Freyvangi 6 |
| | Guðjón Sigurðsson, Kirkjubæ |
| | Daníel Magnússon, Akbraut |
| | Jósep Benediktsson, Varmadal |
| | Guðmundur Ómar Helgason, Lambhaga |

**Fjallskilanefndir**

| | |
|---|---|
| Landmannaafréttur: | Kristinn Guðnason, formaður, Skarði, Landi |
| Rangárvallaafréttur: | Skúli Jónsson, formaður, Selalæk |

**Stjórn eignaumsjónar**

| | |
|---|---|
| Aðalmenn: | Valtýr Valtýsson, formaður, Meiri-Tungu 1b |
| | Aðalheiður Dagmar Matthíasdóttir, Breiðöldu 5 |
| | Engilbert Olgeirsson, Nefsholti 1b |
| | Þröstur Sigurðsson, Geitasandi 3 |
| | Guðni Kristinsson, Hólavangi 8 |
| Varamenn: | Már Adolfsson, Heiðvangi 8 |
| | Birkir Ármannson, Brekku, Þykkvabæ |
| | Hannes Birgir Hannesson, Arnkötlustöðum |
| | Sigfús Davíðsson, Arnarsandi 4 |
| | Þórir Jónsson, Selalæk |

**Fræðslunefnd**

| | |
|---|---|
| Aðalmenn: | Engilbert Olgeirsson, formaður, Nefsholti 1b |
| | Helena Kjartansdóttir, Drafnarsandi 3 |
| | Anna Björg Stefánsdóttir, Hrólfsstaðahelli |
| | Þorbjörg Atladóttir, Stokkalæk |
| | Guðfinna Þorvaldsdóttir, Saurbæ |
| Varamenn: | Heiðrún Ólafsdóttir, Freyvangi 12 |
| | Aðalheiður D. Matthíasdóttir, Breiðöldu 5 |
| | Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir, Skarði, Þykkvabæ |
| | Regula V. Rudin, Austvaðsholti |
| | Þórahalla G. Gísladóttir Meiri-Tungu III. |

***Menningarmálanefnd***

| | |
|---|---|
| Aðalmenn: | Jón Þórðarson, formaður, Fosshólum |
| | Víglundur Kristjánsson, Ártúni 2 |
| | Gísli Stefánsson, Heiðvangi 6 |
| Varamenn: | Helena Kjartansdóttir, Drafnarsandi 3 |
| | Anna Björg Stefánsdóttir, Hrólfsstaðahelli |
| | Vilborg Sigurðardóttir, Þrúðvangi 7 |

***Félagsmálanefnd***

| | |
|---|---|
| Aðalmenn: | Sigrún Ólafsdóttir, formaður, Útskálum 5 |
| | Fjóla Runólfsdóttir, Skarði, Landi |
| | Þórhallur Svavarsson, Fornasandi 4 |
| | Jón Jónsson, Þrúðvangi 28 |
| | Guðmundur Ómar Helgason, Lambhaga |
| Varamenn: | Helena Benónísdóttir, Hábæ |
| | Helena Kjartansdóttir, Drafnarsandi 3 |
| | Vilborg Gísladóttir, Fosshólum |
| | Ingibjörg Einarsdóttir, Nestúni 1 |
| | Halldóra Gunnarsdóttir, Rósalundi |

***Íþrótta- og æskulýðsnefnd***

| | |
|---|---|
| Aðalmenn: | Aðalheiður D. Matthíasdóttir, formaður, Breiðöldu 5 |
| | Anna Björg Stefánsdóttir, Hrólfsstaðahelli |
| | Heiðrún Ólafsdóttir, Freyvangi 12 |
| | Steindór Tómasson, Bergöldu 2 |
| | Sigfús Davíðsson, Arnarsandi 4 |
| Varamenn: | Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Drafnarsandi 6 |
| | Þorsteinn Ragnarsson, Fornasandi 6 |

Kristinn Guðnason, Þverlæk
Anna Lilja Torfadóttir, Tjarnarbakka
Helgi Benediktsson, Austvaðsholti

***Umhverfisnefnd***

Aðalmenn: Bjarni Jóhannsson, formaður, Heiðvangi 9
Hafdís Sigurðardóttir, Hólavangi 16
Jón Þórðarson, Fosshólum
Ragnheiður Jónasdóttir Þrúðvangur 39
Elísabet St. Jóhannsdóttir, Laugalandi

Varamenn: Heiðrún Ólafsdóttir, Freyvangi 12
Fjóla Runólfsdóttir, Skarði, Landi
Aðalheiður D. Matthíasdóttir, Breiðöldu 5
Eygló Bergsdóttir, Freyvangi 1
Anna Björgvinsdóttir, Varmadal

***Hálendisnefnd***

Aðalmenn: Kristinn Guðnason, Skarði, Landi
Árni Þ. Guðmundsson, Drafnarsandi 7
Elísabet St. Jóhannsdóttir, Laugalandi

Varamenn: Óskar Ólafsson, Bjóluhjáleigu
Kjartan G.Magnússon, Hjallanesi
Ragnheiður Jónasdóttir, Þrúðvangi 39

***Öldrunarnefnd***

Aðalmenn: Fjóla Runólfsdóttir, formaður, Skarði, Landi
Aðalheiður D. Matthíasdóttir, Breiðöldu 5
Halldóra Helgadóttir, Freyvangi 10

Varamenn: Sigrún Ólafsdóttir, Útskálum 5
Bjarnveig Jónsdóttir, Vesturholti 2
Steindór Tómasson, Bergöldu 2

***Landsþing íslenskra sveitarfélaga***

Aðalmenn: Valtýr Valtýsson, Meiri-Tungu 1b
Heimir Hafsteinsson, Smáratúni

Varamenn: Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Laufskálum 4
Elísabet St. Jóhannsdóttir, Laugalandi

***Aðalfundur SASS***

Aðalmenn: Valtýr Valtýsson, Meiri-Tungu 1b
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Laufskálum 4
Heimir Hafsteinsson, Smáratúni
Viðar Steinarsson, Kaldbak

Varamenn: Engilbert Olgeirsson, Nefsholti 1b
Sigurbjartur Pálsson, Skarði, Þykkvabæ
Elísabet Jóhannsdóttir, Laugalandi
Lúðvík Bergmann, Bakkakoti

***Héraðsnefnd Rangæinga***

Aðalmenn: Valtýr Valtýsson, Meiri-Tungu 1b
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Laufskálum 4
Lúðvík Bergmann, Bakkakoti

Varamenn: Engilbert Olgeirsson, Nefsholti 1b
Sigurbjartur Pálsson, Skarði, Þykkvabæ
Heimir Hafsteinsson, Smáratúni

***Almannavarnarnefnd***

Aðalmaður: Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Laufskálum 4

Varamaður: Sigurbjartur Pálsson, Skarði, Þykkvabæ

***Barnaverndarnefnd***

Aðalmenn: Sigrún Ólafsdóttir, Útskálum 5
Guðrún J. Magnúsdóttir, Arnarsandi 3

Varamenn: Þórdís Ingólfsdóttir, Kambi

Gustav Stolzenwald, Stokkalæk

***Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands***
Aðalmaður: Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Laufskálum 4
Varamaður: Valtýr Valtýsson, Meiri-Tungu 1b

***Stjórn Lundar, hjúkrunar- og dvalarheimilis***
Aðalmenn: Valtýr Valtýsson, Meiri-Tungu 1b
Heimir Hafsteinsson, Smáratúni
Varamenn: Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Laufskálum 4
Viðar Steinarsson, Kaldbak

***Heilsugæsla Rangárþings***
Aðalmenn: Björn Sigurðsson, Þrúðvangi 7
Elísabet St. Jóhannsdóttir, Laugalandi
Varamenn: Sigurbjartur Pálsson, Skarði, Þykkvabæ
Lúðvík Bergmann, Bakkakoti

***Stjórn Menningarmiðstöðvarinnar á Laugalandi***
Aðalmenn: Engilbert Olgeirsson, Nefsholti 1b
Guðfinna Þorvaldsdóttir, Saurbæ
Varamenn: Anna Björg Stefánsdóttir, Hrófsstaðahelli
Margrét Eggertsdóttir, Köldukinn

***Stjórn Hitaveitu Rangæinga***
Aðalmenn: Valtýr Valtýsson, Meiri-Tungu 1b
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Laufskálum 4
Viðar Steinarsson, Kalbak
Heimir Hafsteinsson, Smáratúni
Varamenn: Engilbert Olgeirsson, Nefsholti 1b
Sigurbjartur Pálsson, Skarði, Þykkvabæ
Lúðvík Bergmann, Bakkakoti
Eggert V. Guðmundsson, Freyvangi 1

***Brunavarnir Rangárvallasýslu bs.***
Aðalmaður: Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Laufskálum 4
Varamaður: Sigurbjartur Pálsson, Skarði, Þykkvabæ

***Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.***
Aðalmaður: Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Laufskálum 4
Varamaður: Engilbert Olgeirsson, Nefsholti 1b

***Húsnefnd Brúarlundar***
Aðalmenn: Fjóla Runólfsdóttir, Skarði, Landi
Ólafía Sveinsdóttir, Húsagarði
Varamenn: Sigríður Th. Sæmundsdóttir, Skarði, Landi
Kjartan G. Magnússon, Hjallanesi

***Fiskeldisstöðvarinnar Fellsmúla ehf.***
Aðalmenn: Valtýr Valtýsson, Meiri-Tungu 1b
Sigurbjartur Pálsson, Skarði, Þykkvabæ
Viðar Steinarsson, Kaldbak
Varamenn: Engilbert Olgeirsson, Nefsholti 1b
Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Drafnarsandi 6
Heimir Hafsteinsson, Smáratúni

***Málefni veitna***
Aðalmenn: Árni Þór Guðmundsson, Drafnarsandi 7
Elías Pálsson, Saurbæ
Varamenn: Ármann Ólafsson, Vesturholtum
Gestur Ágústsson, Suður-Nýjabæ

***Holtaveitan***

| | |
|---|---|
| Aðalmaður: | Elías Pálsson, Saurbæ |
| Varamaður: | Guðlaugur Kristmundsson, Lækjarbotnum |

***Húsakynni bs.***

| | |
|---|---|
| Aðalmenn: | Óli Már Aronsson, Heiðvangi 11 |
| | Heimir Hafsteinsson, Smáratúni |
| Varamenn: | Guðmundur Einarsson, Ægissíða 5 |
| | Lúðvík Bergmann, Bakkakoti |

Samþykkt samhljóða.

Lagt er fram bréf frá Mýrdalshreppi, dags. 10. júní 2002, varðandi skipan sameiginlegrar barnaverndarnefndar. Til kynningar.

Lagt er fram bréf frá félagsmálaráðuneytinu dags. 19. júní 2002 þar sem vakin er athygli á nýmælum í barnaverndarlögum. Til kynningar.

Lagt er fram bréf frá Sambandi Ísl. sveitarfélaga, dags. 19. júní 2002, þar sem boðað er til XVII landsþings SFS, 25-27. september 2002. Til kynningar.

**4. Frá leikskólastjóra Heklukots :**
Lagt er fram erindi vegna fjarnáms og húsnæðismála leikskólakennara.
Sveitarstjóri lagði til að erindið yrði sent fræðslunefnd til athugunar og stefnumótunar um símenntunarmál og húsnæðismál starfsmanna skólanna.
Samþykkt samhljóða.

**5. Heilsugæsla Rangárþings:**
Lagt er fram bréf frá framkv.st. Heilsugæslu Rangárþings varðandi húsnæðismál lækna í Rangárvallasýslu.
Sveitarstjóri lagði til að erindið yrði sent stjórn Húsakynna.
Samþykkt samhljóða.

**6. Umsjón fjölnotahúss í Þykkvabæ:**
Lagt er til að ráðinn verði umsjónarmaður hússins tímabundið.
Samþykkt samhljóða

**7. Afsöl og samningar til staðfestingar:**
a. Afsal fyrir hluta af lóð á Rauðalæk.
Samþykkt samhljóða.
b. Kaupsamningur um hlut Rangárvallahrepps í Samefli ehf.
Samþykkt samhljóða.
c. Kaupsamningur um hlut Holta- og Landsveitar í Samefli ehf.
Samþykkt samhljóða.
d. Kaupsamningur um leitarmannaskála við Landmannahelli.
Samþykkt með 5 atkvæðum, 3 sitja hjá (ESJ, VHS og LB) og 1 er fjarverandi (HH).
e. Kaupsamningur um leitarmannaskála í Áfangagili.
Samþykkt með 5 atkvæðum, 3 sitja hjá (ESJ, VHS og LB) og 1 er fjarverandi (HH).

**8. Frá leikskólanefnd Holta- og Landsveitar og Ásahrepps.**
Lagt er fram bréf frá formanni leikskólanefndar Leikskólans á Laugalandi varðandi húsnæðismál leikskólans.
Sveitarstjóri leggur til að erindið verði sent fræðslunefnd.
Samþykkt samhljóða.

**9. Eyjólfur Guðmundsson - um Árbæjarveg.**
Lagt er fram bréf frá Eyjólfi Guðmundssyni varðandi bundið slitlag á Árbæjarvegi.
Sveitarstjóra falið að svara bréfinu.
Samþykkt samhljóða.

**10. Ferðamálafélagið Hekla - tillaga um almenningssamgöngur á Töðugjöldum 2002**
Lagt er fram erindi frá Ferðamálafélaginu Heklu þar sem mælst er til að gerð verði tilraun með almenningssamgöngur í tengslum við Töðugjöld 2002.
Erindinu vísað til hreppsráðs.
Samþykkt samhljóða.

**11. Laun hreppsnefndar, hreppsráðs og annarra nefnda og ráðningarsamningur við sveitarstjóra.**
Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:

***Lagt er til að laun sveitarstjórnar, hreppsráðs og annarra undirnefnda verði eftirfarandi:***
Aðalmenn í sveitarstjórn og hreppsráði verði á föstum mánaðarlaunum og verði það þóknun fyrir fundarstörf vegna reglubundinna funda svo og aðra tilfallandi fundi. Fyrir önnur nefndarstörf verði greitt fyrir hvern setinn fund. Einnig verði varamönnum í sveitarstjórn og hreppsráði greitt fyrir hvern setinn fund.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **I. Sveitarstjórn** | | | |
| Fulltrúi í sveitarstjórn: | kr. | 25.000,- | |
| Oddviti sveitarstjórnar: | kr. | 55.000,- | |
| Varamaður í sveitarstjórn | kr. | 12.500,- | **fyrir hvern setinn fund.** |
| **II. Hreppsráð** | | | |
| Fulltrúi í hreppsráði: | kr. | 15.000,- | |
| Formaður hreppsráðs: | kr. | 25.000,- | |
| Varamaður í hreppsráði | kr. | 7.500,- | **fyrir hvern setinn fund.** |
| **III. Nefndir sveitarfélagsins** | | | |
| Fulltrúi í undirnefndum | kr. | 4.000,- | **fyrir hvern setinn fund.** |
| Formenn undirnefnda | kr. | 8.000,- | **fyrir hvern setinn fund.** |

Hækkun launa og þóknana, sbr. hér að ofan, muni fylgja breytingu launavísitölu sem gefin er út af Hagstofu Íslands. Hækkun launa verði reiknuð einu sinni á ári, í byrjun hvers árs.

Samþykkt samhljóða.

Oddviti lagði fram ráðningarsamning við sveitarstjóra, dags. 19. júní 2002.
Samþykkt með 6 atkvæðum en 3 sátu hjá (ESJ, HH og VHS).

**12. Tillaga um að hreppsráði verði falin fullnaðarafgreiðsla mála sem unnt er að ljúka á sumaleyfistíma hreppsnefndar.**
Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:

Lagt er til að hreppsráði Rangárþings ytra verði falin fullnaðarafgreiðsla mála sem unnt er að ljúka á sumarleyfistíma sveitarstjórnar. Nauðsynlegt getur verið að hreppsráð geti lokið fullnaðarafgreiðslu ákveðinna brýnna mála sem upp kunna að koma. Hér er ekki um að ræða stærri mál sem kalla á breytingu fjárlaga. Einnig verður hreppsráð að samþykkja samhljóða viðkomandi erindi til að hljóta slíka fullnaðarafgreiðslu.

Í þessu sambandi er rétt að benda á, að aðalmenn framboðslista í sveitarstjórn sem ekki eiga aðalmann í hreppsráði eiga seturétt á hreppsráðsfundum og hafa því alla möguleika á að fylgjast með vinnu og afgreiðslu mála í hreppsráði.

Samþykkt samhljóða.

**13. Boð um þjónustu og umsóknir um styrki.**

a. Bréf frá Vildarkjörum þar sem boðin er þjónusta við vefsíðugerð.
Samþykkt samhljóða að vísa bréfinu til hreppsráðs.

b. Bréf frá stjórn Ó-listans þar farið er fram á styrk að upphæð kr. 300.000 þús. krónur.
Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til hreppsráðs.

c. Bréf frá Skógræktarfélagi Rangæinga þar sem óskað er eftir aðstoð vinnuskóla við gróðursetningu.
Samþykkt samhljóða að vinnuskólinn á Hellu starfi í þrjá daga fyrir Skógræktarfélag Rangæinga.

d. Bréf frá Héraðsambandinu Skarphéðni vegna endurgjaldslausra afnot af Íþróttahúsinu á Hellu á knattspyrnumóti.
Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til íþrótta- og æskulýsnefndar.

**14. Til Kynningar:**

Lundur - hjúkrunar- og dvalarheimli - fundargerð stjórnar 13/6´02 og bréf dags. 18/6´02 til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og bréf dags. 19/6´02 frá Sambandi íslenskra sveitarfélga um viðræðunefnd um málefni hjúkrunar- og dvalarheimila. Félagsmálaráðuneytið - bréf dags. 7/6´06 um nauðsyn tilk. um kosningu oddvita o.fl. og bréf dags. 11/6´02 um reglug. um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til rekstrar grunnskóla. Menntamálaráðuneytið - kynning dags. 28/5´05 á Evrópskum tungumáladegi 26/9´02. Jafnréttisstofa- bréf dags. 28/5´02 um skipan í nefndir. SASS - fundargerð 353. sjórnarfundar 5/6´02. Sorpstöð Suðurlands - fundargerð 93. stjórnarfundar 31/5´02 og 94. stjórnarfundar 14/6´02. Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands - fundargerð 217. stjórnarfundar 7/6´02. Héraðsnefnd Rangæinga- fundargerð vorfundar 4/6´02. Hitaveita Rangæinga - fundargerð stjórnar 7/6´02.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21.00
Sigrún Sveinbjarnardóttir, ritari

## Hreppsnefnd Rangárþings ytra

### Fundargerð

**1. fundur** hreppsnefndar Rangárþings ytra kjörtímabilið 2002 - 2006, haldinn að Laugalandi í Holtum, þriðjudaginn 11. júní 2002, kl. 16:30.

Mætt: Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Engilbert Olgeirsson, Sigurbjartur Pálsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Heimir Hafsteinsson, Elísabet St. Jóhannsdóttir, Lúðvík Bergmann og Viðar H. Steinarsson.

Í krafti lengsta starfsaldurs í sveitarstjórn boðaði Viðar H. Steinarsson þennan fund og stjórnar honum fram að kosningu oddvita.

**1. Frá yfirkjörstjórn**
Farið var yfir niðurstöðu sveitarstjórnarkosninganna 25. maí 2002 og skoðanakönnunar um nafn nýja sveitarfélagsins. Kjörbréf kynnt.
Til kynningar.

**2. Kosningar**
Kosning oddvita:
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson leggur til að Valtýr Valtýsson verði kosinn oddviti til eins árs.
Samþykkt með 5 atkvæðum, 4 sátu hjá.

Valtýr Valtýsson, oddviti tók þá við fundarstjórn.

Kosning varaoddvita:
Valtýr Valtýsson leggur til að Engilbert Olgeirsson verði kosinn varaoddviti til eins árs.
Samþykkt með 5 atkvæðum, 4 sátu hjá.

Kosning hreppsráðs til eins árs:
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson leggur til að Valtýr Valtýsson og Sigurbjartur Pálsson verði aðalmenn af hálfu meirihluta hreppsnefndar og varamenn þeirra verði Engilbert Olgeirsson og Ingvar Pétur Guðbjörnsson. Heimir Hafsteinsson leggur til að Heimir Hafsteinsson verði aðalmaður og Viðar H. Steinarsson verði varamaður af hálfu minnihluta hreppsnefndar.
Samþykkt með 7 atkvæðum, 2 sátu hjá.

Kosning formanns og varaformanns hreppsráðs:
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson leggur til að Sigurbjartur Pálsson verði formaður hreppsráðs og að Valtýr Valtýsson verði varaformaður hreppsráðs, hvorttveggja til eins árs.
Samþykkt með 5 atkvæðum, 4 sátu hjá.

Kosning kjörstjórna:
a. Yfirkjörstjórn:
Tillaga um Val Haraldsson, Sigrúnu K. Sveinbjarnardóttur og Óla Ágúst Ólafsson sem aðalmenn og Braga Gunnarsson, Ólaf Helgason og Skúla Jónsson sem varamenn.
Samþykkt samhljóða.

Undirkjörstjórnir:
Fyrir kjördeild á Hellu:
Tillaga um Boga Thorarensen, Svavar Bjarnhéðinsson og Pál Ísleifsson sem aðalmenn og Knút Scheving, Gyðu Guðmundsdóttur og Þórunni Sigurðardóttir sem varamenn.
Samþykkt samhljóða.

Fyrir kjördeild í Þykkvabæ:
Tillaga um Einar Hafsteinsson, Guðjón Ármannsson og Óskar Kristinsson sem aðalmenn og Markús Ársælsson, Guðjón Guðnason og Ágúst Gíslason sem varamenn.
Samþykkt samhljóða.

Fyrir kjördeild að Laugalandi:
Tillaga um Sigríði Theodóru Sæmundsdóttur, Þórð Matthías Sigurjónsson og Pál Sigurjónsson sem aðalmenn og Jón Benediktsson, Þórhöllu Guðrúnu Gísladóttur og Sigríði Jónasdóttur sem varamenn.
Samþykkt samhljóða.

Kosning skoðunarmanna:
Tillaga um að Skúli Jónsson og Björgúlfur Þorvarðarson verði skoðunarmenn kjörtímabilið 2002 til 2006. Varamenn verði Valmundur Gíslason og Halldóra Þorvarðardóttir.
Samþykkt samhljóða.

**3. Tillaga að samþykkt um stjórn og fundarsköp hreppsnefndar - fyrri umræða:**
Oddviti leggur fram og kynnir tillögu að stjórn og fundarsköpum hreppsnefndar.
Samþykkt samhljóða að vísa tillögunni til síðari umræðu.

Oddviti leggur til undir þessum lið að fundargerðir hreppsnefndar verði ritaðar í tölvu samkvæmt heimild í ákvæðum 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
Samþykkt samhljóða.

**4. Ráðning sveitarstjóra:**
Oddviti leggur til að Guðmundur Ingi Gunnlaugsson verði ráðinn sveitarstjóri.
Samþykkt með 5 atkvæðum, 4 sátu hjá.

Oddviti leggur til að sér verði falið að ganga frá ráðningarsamningi við sveitarstjórann.
Samþykkt með 5 atkvæðum, 4 sátu hjá.

**5. Ráðning fundarritara hreppsnefndar og hreppsráðs:**
Oddviti leggur til að Ingibjörg Gunnarsdóttir og Sigrún K. Sveinbjarnardóttir verði ráðnar fundarritarar hreppsnefndar og hreppsráðs fyrst um sinn.
Samþykkt samhljóða.

**6. Ákvörðun um nafn sveitarfélagsins:**
Fyrir liggur niðurstaða skoðanakönnunar sem fram fór samhliða sveitarstjórnarkosningum þ. 25. maí 2002. Flest atkvæði fékk nafnið "Rangárþing ytra". Næst á eftir kom nafnið "Rangárbyggð".

Oddviti leggur til að það nafn sem flest atkvæði fékk, Rangárþing ytra, verði samþykkt sem nafn hins nýja sveitarfélags.
Samþykkt samhljóða.

**7. Tillaga um fundartíma hreppsnefndar og hreppsráðs:**
Oddviti leggur fram eftirfarandi tillögu:

> Lagt er til að fundir hreppsnefndar verði að jafnaði fyrsta mánudag í hverjum mánuði kl. 16.00. Gert er ráð fyrir að fundartímar að sumarlagi geti orðið á öðrum dögum eftir því hvernig hreppsnefndin hagar sumarhléi.
>
> Lagt er til að fundir hreppsráðs verði að jafnaði annan og fjórða fimmtudag í hverjum mánuði kl. 13.00. Gert er ráð fyrir að þessum fundatíma verði haldið að mestu allt árið, en smávægileg frávik geta orðið um hátíðar og vegna sumarhlés.

Fundir hreppsnefndar verði fyrst um sinn að Laugalandi í Holtum og fundir hreppsráðs verði fyrst um sinn á skrifstofunni að Laufskálum 2 á Hellu.

Vegna sérstakra aðstæðna og sumarorlofstöku er lagt til að fundir hreppsnefndar sumarið 2002 verði eftirfarandi:

24. júní 2002, kl. 16.00.
26. ágúst 2002, kl. 16.00.
16. september kl. 16.00.

Framangreindir fundatímar verði auglýstir í "Búkollu" og á tilkynningastöðum á Hellu, Þykkvabæ og að Laugalandi.

Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Sigurbjartur Pálsson, Engilbert Olgeirsson og Ingvar Pétur Guðbjörnsson.

Tillagan samþykkt samhljóða.

**8. Fasteignamat ríkisins - númer sveitarfélagsins og hverfaheiti í fasteignaskrá:**
Bréf frá FMR dagsett 21. maí 2002 liggur fyrir. Í bréfinu er lagt til að númer sveitarfélagsins verði 8614 og að hverfaheiti verði eftirfarandi:

8614-01 Hella
8614-02 Rangárvellir
8614-03 Þykkvibær
8614-04 Þykkvibær
8614-05 Landsveit
8614-06 Landsveit
8614-07 Holtasveit
8614-08 Holtasveit

Fyrrverandi hreppsnefnd fyrir Holta- og Landsveit hefur þegar gert tillögu um að í stað Landsveitar verði Land og í stað Holtasveitar verði Holt.

Lagt er til að flokkarnir verði 6, þ.e. Hella, Rangárvellir, Þykkvibær, Þykkvibær dreifbýli, Land og Holt.
Samþykkt samhljóða.

**9. Kosning nefnda:**
Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:

Lagt er til að kosningu nefnda verði frestað til annars fundar hreppsnefndar þ. 24. júní 2002.

Umboð fráfarandi nefnda fyrri sveitarfélaga framlengist til sama tíma til þess að taka á brýnum málum sem ekki þola bið.

Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Sigurbjartur Pálsson, Engilbert Olgeirsson og Ingvar Pétur Guðbjörnsson.

Tillagan samþykkt samhljóða.

**10. Fyrirkomulag sameiningar bókhalds, launabókhalds, fjárreiða og skjalasafns:**
Fyrir liggur samantekt í tillöguformi frá Auðunni Guðjónssyni, starfsmanni KPMG, löggilts endurskoðanda fyrri sveitarfélaga.

Lagt er til að eftirfarandi verði í stórum dráttum ferli við samruna bókhalds, fjárhags og skjalasafna Djúpárhrepps, Holta- og Landsveitar og Rangárvallahrepps:

1. Fylgt verði "minnisatriðum", dags. 10. júní 2002, frá KPMG um samrunaferlið.
2. Fengin verður kennitala og sveitarfélagsnúmer fyrir nýja sveitarfélagið eins fljótt og hægt er.
3. Prókúra og umsjón bankareikninga flytjist til nýs sveitarstjóra 12. júní 2002.
4. Skil milli bókhalds eldri sveitarfélaga og þess nýja verði 30. júní 2002.
5. Laun fyrir júní greiðast með eldri kerfum en laun fyrir júlí verða reiknuð og greidd í kerfi nýja sveitarfélagsins frá skrifstofunni að Laufskálum 2 á Hellu.
6. Framkvæmdastjórar hreppsnefnda Djúpárhrepps og Holta- og Landsveitar verði í starfi hjá nýja sveitarfélaginu til og með 31. ágúst 2002 og vinni að skilum á bókhaldi og skjölum þeirra sveitarfélaga. Reiknað er með fullu stöðugildi hjá báðum. Tekið verði tillit til orlofsréttar þeirra aðila.
7. Samstarfsstofnanir og fyrirtæki sem rekin hafa verið sjálfstætt að Laugalandi svo sem, MML, Holtaveitan, Leikskólinn að Laugalandi og byggingareikningur fyrir nýju íbúðarhúsin að Laugalandi, verða rekin í óbreyttu formi fyrst um sinn frá skrifstofunni að Laugalandi, þ.m.t. launabókhald.
8. KPMG Endurskoðun hf. verði leiðandi við samrunaferlið og hafi umsjón með því að bókhaldið verði afstemmt og í réttu horfi miðað við 30. júní 2002. Jafnframt vinni KPMG að uppsetningu nýrra bókhaldslykla og nýrrar fjárhagsáætlunar skv. nýju uppgjörsformi sem taka ber upp skv. ákvæðum laga um bókhald og fjárreiður sveitarfélaga í samráði við sveitarstjóra og bókara. Kostnaður við þennan verkþátt greiðist af liðnum „endurskoðun" og stefnt er að því að hann komi nánar fram við endurskoðun á fjárhagsáætlun í haust.

Valtýr Valtýsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Sigurbjartur Pálsson, Engilbert Olgeirsson og Ingvar Pétur Guðbjörnsson.

Tillagan samþykkt samhljóða með breytingum.

**11. Viljayfirlýsing um sölu og kaup húseigna og aðstöðu í Hvanngili, til kynningar:**
Fram er lögð viljayfirlýsing undirrituð af sveitarstjóra Rangárvallahrepps, formanni Flugbjörgunarsveitarinnar á Hellu, formanni Búnaðarfélags Rangárvallahrepps og forseta og stjórnarmanni Ferðafélags Íslands um sölu á húseignum í Hvanngili til FÍ.

Fyrir liggur að sveitarstjórn Rangárvallahrepps hafði samþykkt sölu húseigna í Hvanngili til FÍ.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:00
Fundargerðina ritaði: Ingibjörg Gunnarsdóttir.